



Reykjavík, 6. febrúar 2024

MSS22040012

Borgarráð

Sameiginleg þróunaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Suðurland og Vesturland

Lagt er til að borgarráð samþykki að beina því til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að þau beiti sér fyrir samstarfi um að unnin verði þróunaráætlun fyrir Suð-Vesturhorn Íslands, frá Hvítá til Hvítár, til ársins 2050.

Greinargerð:

Suð-Vesturhorn Íslands er að þróast hratt í að verða eitt samtengt og jafnvel heildstætt atvinnu-, þjónustu- og búsetusvæði sem glímir við sameiginlegar áskoranir og á fjölmörg sameiginleg tækifæri. Vöxtur og þróun svæðisins kallar einnig á skipulega heildarhugsun um innviði og margvíslega þjónustu sem hægt er að leysa á fleiri einn hátt. Hvernig til tekst mun hafa grundvallarþýðingu fyrir samkeppnishæfni svæðisins og landsins allt, lífskjör, lífgæði, umhverfi og efnahag.

Áætlunin verði byggð á stöðumati, gögnum og greiningu og leggi einnig fram sviðsmyndir um mögulega þróun og brýnustu viðfangsefni varðandi stefnumörkun og markmið fyrir allt svæðið. Byggt verði á gögnum um stöðu og þróun svæðisins og spám um framtíðarþróun. Horft verði meðal annars til samfélagslegra þátta, íbúabróunar, lýðfræði, húsnæðismála, umhverfis- og loftslagsmála, samgangna, þar með talið almenningsamgangna, atvinnulífs- og ferðaþjónustu, innviða og orkumála ásamt öðru sem ástæða þykir til.

Þróunaráætlunin verði unnin í samstarfi samtaka sveitarfélaga á svæðinu með aðkomu svæðisskipulagsnefnda og fyrsta skref verði gerð áætlunar um verkefnið sjálft, umfang þess og verkþætti, auk kostnaðaráætlunar en kannað verði að fjármagna gerð hennar úr fleiri en einni átt, meðal annars með fjárveitingu úr Skipulagssjóði.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri



Reykjavík